



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu:

Lagt er til að 10 íbúðum í félagslegu húsnæði í Norðlingaholti verði úthlutað til ungra einstæðra foreldra á aldrinum 18 – 29 ára. Húsnæðinu verður úthlutað sem áfangahúsnæði sbr. 2. gr. og 7. mgr. 19. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Skipaður verði starfshópur sem hefur það hlutverk að útfæra og fylgja eftir þeim tillögum sem fram koma í meðfylgjandi skýrslu starfshóps. Níu íbúðum verður úthlutað sem almennu félagslegu leiguhúsnæði til einstaklinga/hjóna 55 ára.

Greinargerð:

Í júní 2019 skipaði Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri, starfshóp til að útfæra þjónustu og ráðgjöf til ungra einstæðra foreldra sem úthlutað er félagslegu leiguhúsnæði í þrjú ár. Verkefnið fékk heitið ELLA. Þá hafði verið undirritaður kaupsamningur milli Félagsbústaða og verktaka um kaup á 30 íbúðum í fjölbýlishúsi í Norðlingaholti. Ákveðið var að 10 íbúðum yrði úthlutað til fatlaðs fólks og ein íbúð nýtt fyrir starfsmannaaðstöðu. Sjö íbúðanna myndu tilheyra íbúðakjarna og þrjár húsnæði með stuðningi. Ennfremur var ákveðið að þeim íbúðum sem eftir standa, eða 19 talsins yrði úthlutað sem almennu félagslegu leiguhúsnæði til einstæðra foreldra sem þurfa stuðning og ráðgjöf t.d. varðandi uppeldishlutverk sitt, menntun og/eða atvinnuleit. Íbúðirnar eru tveggja, þriggja og fjögurra herbergja og eru áætlaðar til afhendingar í október 2020.

Starfshópnum var falið að koma með tillögur að útfærslu á þjónustu og ráðgjöf fyrir unga einstæða foreldra sem fá tímabundið úthlutað félagslegu leiguhúsnæði í Norðlingaholti eða að hámarki til þriggja ára (sjá meðfylgjandi skýrslu starfshópsins). Eftirfarandi tillögur eru lagðar fram.

1. Tíu íbúðum verði úthlutað til ungra einstæðra foreldra á aldrinum 18-29 ára með 1-2 börn sem fá þjónustu á grundvelli ELLU.
2. Níu íbúðum verði úthlutað til einstaklinga/hjóna 55 ára og eldri.

3. Að ráðið verði í eitt stöðugildi sérfræðings til að vinna með þeim einstæðu foreldrum sem fá úthlutað íbúð í húsinu og börnum þeirra.

Eins og fram hefur komið hafði verið áætlað að 19 íbúðum yrði úthlutað til ungra einstæðra foreldra. Það er mat starfshópsins að ef 19 íbúðum yrði úthlutað til yngri aldurshópsins gæti þjónustan mögulega orðið of flókin og umfangsmikil m.a. vegna fjölda barna, en að auki þykir blönduð íbúasamsetning mikill kostur (fatlað fólk, ungir og eldri). Að auki þykir rétt að stefna að því að samnýting verði með þeim starfsmönnum sem ráðnir verða til að veita þjónustu í íbúðum sem ætlaðar eru fötluðu fólki. Hlutverk starfsmannahópsins er að veita þjónustu til allra íbúa hússins í formi félagslegrar ráðgjafar, valdeflingar og virkni. Mikilvægt er að horfa á starfsmannahópinn sem eina heild þrátt fyrir mismunandi þjónustuþarfir íbúa. Þó er ljóst að eldri aldurshópurinn mun ekki þurfa þjónustu í sama mæli og sá yngri eða þeir sem eru fatlaðir. Markmið tillögunnar er að þróa nýtt íbúðaform þar sem fjölbreytilegur hópur íbúa fær stuðning til valdeflingar og virkni. Þjónustan verður veitt af þverfaglegum starfsmannahópi sem vinnur heildstætt að því að hver og einn íbúi fái stuðning við hæfi.

Þann 1. júní 2020 voru 34 einstæðir foreldrar á aldrinum 20 -29 ára á bið eftir félagslegu húsnæði með alls 46 börn en 84 einstaklingar 55-66 ára og eldri.

Á fundi borgarstjórnar þann 3. desember 2019 voru samþykktar breytingar á fjárheimildum velferðarsviðs vegna verkefnisins ELLA en lagt var til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 22 mkr. Fjárheimildina skal nýta til að standa straum af launum tveggja fagaðila sem verða til aðstoðar einstæðum foreldrum í tímabundinni leigu í nýju húsnæði í Norðlingaholti þar sem sérstök áhersla verði lögð á að aðstoða íbúa til að koma undir sig fótunum í sjálfstæðri búsetu.

Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð. Þar sem einungis er gert ráð fyrir úthlutun í 10 íbúðir fyrir unga einstæða foreldra er það mat velferðarsviðs að eitt stöðugildi nægi fyrir verkefnið, eða 12 mkr.

Fylgiskjöl

Skýrsla starfshóps um húsnæði fyrir unga foreldra og börn þeirra (ELLA)
Jafnréttisskimun.